

1869.
25. júní.

60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um auglýsingu reikninganna um þjóðvegagjaldið.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast að fallast á, 25. dag f. m.:

1. að amtmönnum á Íslandi verði gjört að skyldu að auglýsa eptirleiðis árlega á prenti ágrip úr reikningunum yfir hið lögskipaða gjald til þjóðveganna í hverju amti, svo að þar af sjáist upphæð gjaldsins, og hvernig því hafi verið varið í hverri sýslu, og
2. að kostnaðurinn, sem af þessu leiðir, skuli goldinn úr vegabótasjóðunum, þannig, að honum sé jafnað niður að tiltölu við þá upphæð, sem á hverju ári gelzt í vegabótargjald úr hverri sýslu.

Um leið og yður er kunngjörður þessi konunglegi úrskurður, eruð þér beðnir að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á til að framfylgja honum.

61. Konungleg auglýsing til alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1867.

7. júlí.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., sendum Voru trúá alþingi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1867, höfum Vér sæð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitast við að efla Vort gagn og hag landsins.

Vér höfum vandlega látið íhuga tillögur Vors trúá alþingis um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess árið 1867, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vér nú skýra hér í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir af ráðið verið.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi, þessar réttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vér höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúá alþingis:

1869.

7. júlí.

1. Lög 17. aprílmán. 1868 um, að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.

2. Opið bréf handa Íslandi sama dag um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum.

3. Tilskipun 10. ágústmán. 1868 um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi.

4. Almenn hegningarlög handa Íslandi 25. júnímán. 1869.

5. Tilskipun handa Íslandi sama dag um afplánun fæsekta í öðrum málum en sakamálum.

6. Tilskipun sama dag um hundahald á Íslandi.

7. Tilskipun handa Íslandi sama dag um skipa mælingar.

8. Tilskipun handa Íslandi sama dag um skrásetning skipa.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega íhugaðar athugasemdir þær, er alþingi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu og ýmislegt verið nákvæmar ákveðið. Um hið mest áriðandi af ofan nefndum lagaboðum, sem er almenn hegningarlög handa Íslandi, skal þess þar að auki getið, að eins og stjórnin varð að álíta óþarft og jafnvel miður hagfellt, eptir hinn nákvæma undirbúning, sem frumvarpið hafði fengið af stjórnarinnar hendi, og hina ítarlegu meðferð, sem alþingi hafði látið því í té, að leggja frumvarpið að nýju fyrir alþingi, þannig hefir virzt bezt henta, eptir vandlega íhugun allra málavaxta, að láta lögin öðlast gildi eins fljótt, og auðið er, með þeirri nákvæmari ákvörðun, að þangað til búið er að koma upp hegningarhúsi á Íslandi og fangelsum þeim, sem með þurfa, skuli í þeim tilfellum, þar sem lögin setja annaðhvort hegningarvinnu í 2 ár eða skemur eður fangelsishegningu, hýðing og sektir koma í þess stað samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tilskipun 24. janúarmán. 1838 4. og 5. grein. en aptur skuli hegningarvinna lengri tíma en 2 ár úttekin í hegningarhúsunum í Danmörku eins og að undanfögnu, og að ákvörðununum í öðrum og

1869.

7. júlí.

Þriðja kafla 31. greinar hegningarlaganna skuli til sama tíma ekki beitt, en þar á móti skuli um borgun sekta eptir dómi og afplánun þeirra, ef til þess kemur, farið eptir 9. grein í tæðri tilskipun. Það verður, því er það, ekki á móti því borið, að hin nýju hegningarlög hafa svo margt og mikið gott í för með sér, þó að hýðingar-hegningunni sé haldið um stundarsakir, að það væri varla afsakanlagt, að fresta að láta landsmenn á Íslandi verða þeirra aðnjótandi, þangað til það getur auðnast að koma upp fangelsum þeim, sem með þarf, en nú vanta þar alveg. Í þessu efni hefir þannig sér í lagi orðið að taka til greina ekki að eins það, að hegningarlögin hafa yfir höfuð að tala inni að halda langtum mannúðlegri ákvarðanir og samkvæmari aldarháttum þessa tíma um refsingar fyrir afbrot, en hegningarlöggjöf sú, sem allt til þessa hefir verið í gildi á Íslandi, heldur einnig hitt, að það er mjög svo áriðandi, að sá mikli mismunur, sem nú er á lögum Íslands og lögum konungsríkisins um glæpamál, og sem meðal annars mun hafa þá afleiðing, að mjög mörgum sakamálum frá Íslandi verður skotið til hæstaréttar til þess að fá á eptir linun á hegningunni fyrir náðun konungs, hverfi sem fyrst, og bætist hér við enn, að hegningarlögin nema burtu þá óvissu, sem nú er, um meðferð og refsingu margra yfirsjóna, einkum í embættisrekstri.

En þar sem Vær samt erum alþingi samdóma um, að nauðsynlegt sé, að hinum nýju hegningarreglum verði fylgt fram fullkomlega svo bráðlega sem unnt er, þá verður nú lagt fyrir alþingi samkvæmt ósk þess í álitsskjalinu um frumvarpið til almennra hegningarlaga, frumvarp til tilskipunar um byggingu hegningarhúss og fangelsa á Íslandi o. fl.

Þar eð Vær sökum breytinga, er alþingi samþykkti á frumvarpi því, sem lagt var fyrir það 1867, til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, ekki höfum sæð Oss fært að veita frumvarpinu með þessum breytingum allrahæsta staðfestingu Vora, hefir alþingi samkvæmt vara-uppástungu þess verið leyst upp með opnu bréfi 26. febrúarmán. þ. á.; hefir þar að auki með

1869.

7. júlí.

Öðrn opnu bréfi sama dag verið mælt fyrir um, að nýjar kosningar skuli fram fara, og að hið nýkosna alþingi þar næst skuli koma saman 27. júlímán. næstkomanda, og munu þá verða lögð fyrir þingið frumvörp þau, sem þurfa til að koma skipulagi á stjórnarmálið.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, er komið hafa frá alþingi.

1. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis hafa tvö frumvörp, annað til tilskipunar handa Íslandi um eptirmyndan ljósmynda o. fl., hitt til opins bréfs handa Íslandi um, að þeir, sem senda inn bænarskrár og kæruskjöl, geti fengið álitsskjölin um málið, verið samin til þess að leggja þau fyrir alþingi, er nú fer í hönd.

2. Fulltrúi Vor mun skýra alþingi frá samningum þeim, sem stjórnin hefir byrjað á við stjórnina á Frakklandi og Englandi útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um fiskiveiðar útlendra við strendur Íslands.

3. Sömuleiðis mun fulltrúi Vor skýra alþingi frá tilraunum þeim, sem stjórnin hefir gjört útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að komið yrði á reglulegum gufuskipsferðum kringum Ísland, og verður ekki búzt við, eins og nú stendur á, að frekara verði gjört í þessu máli.

4. Þegnlegri bænarskrá alþingis, þar sem þess er farið á leit á ný, að þangað til nákvæmar verði ákveðið um fjárhag Íslands, verði veittur 300 rd. styrkur á ári úr ríkissjóðnum til forngripasafnsins í Reykjavík, hefir ekki orðið veitt áheyrsla af sömu ástæðum og fyrri, sjá konunglega auglýsing til alþingis 31. maímán. 1867 II., 7.

5. Alþingi hefir farið þess á leit í þegnlegri bænarskrá, að stofnaður verði lækna skóli í Reykjavík meði áþekkri tilhögun og prestaskólinn, þannig að landlæknirinn sé skipaður yfirkennari og forstöðumaður skólans og fái fyrir þann starfa 500-600 rd. þóknun á ári auk launa þeirra, er hann nú hefir, en losist aptur við þau störf, er hann nú hefir sem héraðs-

1869.

7. júlí.

læknir; að líka sé settur annar kennari við skólann; að til þess sé kjörinn maður, sem hefir tekið embættispróf við Kaupmannahafnar háskóla; að hann byrji með 500 rd. launum og skuli þar að auki taka við læknisstörfunum í þeim sýslum, sem landlæknirinn nú hefir, fyrir sömu laun og aðrir héraðslæknar; að kennaranum í nátturusögu í latínuskólanum verði falið á hendur að kenna lækna-efnum í læknauskólanum efnafræði, grasafræði og eðlisfræði fyrir 300 rd. laun, að kostnaður sá, sem læknauskólinn hefir í för með sér, verði greiddur úr læknaþjóðnum, og, að því leyti sem tekjur hans ekki kynnu að hrökkva til, úr ríkissjóðnum.

Það hefir að vísu ekki þótt nægt tilefni til að stofna slíkan fastan skóla, sem alþingi hefir vikið á, til uppfræðingar læknaefnum á Íslandi, bæði vegna þess, að efni læknaþjóðsins eru ekki svo mikil, og eins hins vegna, að við því er að búast, eptir því sem ástatt er, að þeir, sem mundu læra í læknauskólanum, yrðu næsta fáir, en aptur á móti virtist æskilegt, að læknakennslan, sem nú fer fram hjá landlækninum samkvæmt konungsúrskurði 29. ágústmán. 1862, gæti fengið þann þroska, að bæði hefðist næg víska fyrir að hún gæti við haldist og að hún einnig veitti tilhlýðilega trygging í tilliti til uppfræðslu læknaefnanna. Hvorutveggja þessu virtist mega koma til leiðar á þann hátt, að gjöra landlækninum fært að verja meiru af tíma sínum til kennslunnar með því að losa hann við nokkur af embættisstörfum þeim, er hann hefir haft á hendi, og veita honum nokkuð hærri þóknun fyrir kennsluna en hingað til, og með því að fela þar að auki öðrum manni, er til þess væri fallinn, á hendur að eiga þátt í kennslunni með honum, þar á meðal kennslunni í efnafræði og grasafræði.

Samkvæmt þessu höfum Vær allramildilegast fallizt á með allrahæstum úrskurði 3. ágústmán. f. á.:

1. að borgun sú, sem landlækninum á Íslandi er veitt með konungsúrskurði 29. ágústmán. 1862 úr læknaþjóðnum íslenzka fyrir kennslu í læknisfræði, skuli færð upp í 500 rd. á ári;

1869.

7. júlí.

2. að í læknisumdæmi landlæknis megi setja kandiðat í læknisfræði frá háskólanum í Kaupmannahöfn sem „praktíserandi“ lækni, er sè skyldur að taka að sèr að vera settur héraðslæknir í þeim hluta tæðs læknisumdæmis, er nákvæmar verður ákveðinn, allt með þeim kjörum, sem sett eru í konungsúrskurði 10. maímán. 1867, og að honum enn fremur verði á hendur falið að eiga þátt með landlækninum í læknakennslunni í Reykjavík, fyrir 500 rd. þóknun á ári úr læknasjóðnum; og
3. að dómsmálastjórninni skuli að öðru leyti falið á hendur að setja nákvæmari ákvarðanir um læknakennsluna.

Í sambandi við þetta hefir þar á ofan samkvæmt uppástungum stiptysfirvaldanna allramildilegast verið fallizt á:

að til styrktarfjár handa þeim, sem stunda læknisfræðina, skuli ákveðnar 3 ölmusur, 400 rd. hver, þannig að enginn lærisveinanna megi fá meira en eina ölmusu á ári og ekki halda henni lengur en í 3 ár; og

að greiða megi úr læknasjóðnum allt að 400 rd. á ári í borgun fyrir húsnæði, eldsneyti og ljósmat handa læknakennslunni, og til þess að kaupa nauðsynleg áhöld handa henni.

6. Þegnleg bænaraskrá, er komið hefir frá alþingi enn að nýju, um stofnun lagaskóla á Íslandi, hefir ekki orðið tekin til greina af ástæðum þeim, sem til eru færðar í auglýsingu Vorri til alþingis 31. maímán. 1867 II. 2.

7. Sama er að segja um þegnlega bænaraskrá alþingis um, að stofnað verði í Reykjavík kennara-embætti í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda.

8. Þar sem fallizt varð á aðalhugsunina í frumvarpi því, er kom frá alþingi, til viðaukatilskipunar við tilskipun 5. janúarmán. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, þá hafði frumvarp þetta jafnframt ýmsar mikils varðandi ákvarðanir inni að halda, sem ekki varð gengið að. Fyrir því hefir þókt bezt henta að semja nýtt frumvarp um sama efni, og leggja uppástungur alþingis til grundvallar; verður þetta frumvarp nú lagt fyrir alþingi til álita. Þar sem alþingi einnig hefir farið

1869.

7. júlí.

Þess á leið að kostnaðurinn til varðarins, sem settur var við Botnsvog sumarið 1867, verði endurgoldinn sumpart úr jafnaðarsjóði suðuramtsins og sumpart úr jafnaðarsjóði vesturamtsins, þá hefir ekki þótt tilefni til, samkvæmt atvikum þeim, sem hlutaðeigandi amtmenn hafa skýrt frá, og einnig munu vera alþingi kunn, að veita þessari bæn áheyrslu.

9. Alþingi hefir þegnsamlega beiðzt þess, að frumvarp, er það hafði samið, til tilskipunar um friðun á laxi á Íslandi, allramildilegast verði staðfest. Amtmönnum í vesturamtinu og norður- og austuramtinu hefir síðan verið skrifað um mál-efni þetta, en af því að álitsskjal hins síðar nefnda embættis-
manns er enn ókomið, hefir málið ekki orðið leidd til lykta.

10. Þar sem alþingi hefir beðið um í þegnlegri bænarskrá, að ákveðið verði með lagabóði, að verzlunarviðskiptabækur á Íslandi skuli því að eins hafa það sönnunarafl, sem þeim er veitt í tilskipun 13. júnímán. 1787 II. 17. og 18. grein. að þær sé ritaðar á íslenzku, þá verður ekki á móti því borið, að það er í sjálfu sér eðlileg ósk, að bækur þessar sé ritaðar á íslenzku. En með því að tilgangurinn með viðskiptabækur þessar, sem kaupmennirnir láta þá fá, sem við þá verzla, er sá, að þessir menn noti þær ekki að eins til að hafa eptirlit með viðskiptunum við kaupmennina, heldur líka sem sönnun gegn kröfum þeirra, þá væri það gagnstædt þessum tilgangi, ef að sönnunarafl bókana yfir höfuð að tala væri látið vera undir því komið, að kaupmennirnir riti þær á íslenzku, og þar eð slík ráðstöfun þess vegna, í stað þess að vera til gagns, hæglega gæti spillt fyrir þeim hagsmunum, sem hún ætti að efla, hefir ekki þótt tilefni til að veita þessari bæn áheyrslu.

11. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis höfum Vær allramildilegast fallið á, að amtmönnum á Íslandi verði boðið að auglýsa eptirleiðis árlega á prenti ágrip úr reikningunum yfir hið lögskipaða gjald til þjóðveganna í hverju amti, svo að þar af sjáið upphæð gjaldsins, og hvernig því hafi verið varið í hverri sýslu, og að kostnaðurinn til þessa skuli goldinn úr vegabótasjóðunum, þannig að honum sé jafnað niður eptir til-
tölu við þá upphæð, sem á hverju ári gelzt í vegabótagjald

1869.

7. júlí.

úr hverri sýslu. Aptur á móti hefir ekki þókt ástæða til að veita því atriði í bænarskránni áheyrslu, er fer því fram, að yfirlitið skuli, eptir sem föng eru til, líka ná yfir reikningana um vegabótagjaldið þann tímann, sem liðinn er síðan tilskipun 15. marzmán. 1864 um vegina á Íslandi birtist.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vær sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Vora trúá alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 7. dag júlímánaðar 1869.

8. júlí.

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um yfirdóminn á Íslandi.

— — — — —
— — — — —
— — — — —

Að endingu skal því við bætt yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það, að hans hátign konunginum hefir þóknast samkvæmt þegnsamlegum tillögum dómsmálastjórnarinnar að fallast á, 25. dag f. m., að leyfi það, sem dómendunum í yfirdóminum á Íslandi er veitt með konungsbréfi 14. maímán. 1808, að mega fyrst um sinn vera búsettir fyrir utan Reykjavíkur kaupstað, skuli numið af framvegis.

8. júlí.

63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á alþingi, um fiskiveiðar útlendra þjóða kringum Ísland.

Í sambandi við skýrslu þá, sem samkvæmt konungsúrskurði 28. maímán. þ. á. á að leggja fram fyrir alþingi um samninga þá, er